


## **IS** Uppsetningarleiðbeiningar System BORA Classic 2.0

Gufugleypir og helluborð



**C2XIMIS-004**

Uppsetningarleiðbeiningar:

Frumútgáfa

Þýðing

Framleiðandi

**BORA Vertriebs GmbH & Co KG**

Innstraße 1  
6342 Niederndorf  
Austurríki

Tengiliðaupplýsingar

Sími +43 (0) 5373/62250-0  
mail@bora.com  
www.bora.com

Dreifing og fjölföldun þessa skjals, sem og notkun og birting á efni þess, er bönnuð nema sérstaklega hafi verið fengið leyfi til þess.

Mikillar vandvirkni var gætt við gerð þessara notkunar- og uppsetningarleiðbeininga. Þrátt fyrir það getur komið fyrir að tæknilegar breytingar eða aðlaganir í hugbúnaði eftir á hafi ekki verið uppfærðar eða viðkomandi innihald hefur ekki verið aðlagð ennþá. Við biðjumst velvirðingar ef svo er. Hægt er að panta nýjustu útgáfu skjalsins hjá þjónustudeild BORA. Með fyrirvara um prentvillur og villur.

© BORA Vertriebs GmbH & Co KG

Öll réttindi áskilin.

# Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Almennt</b>	<b>4</b>		
1.1	Markhópur.....	4	4.13.2	Setja upp Klapp-Ferrít hól..... 33
1.2	Gildistími.....	4	4.13.3	Koma á samskiptum milli notkunareiningar og stýrieiningar..... 33
1.3	Önnur skjöl sem eiga við.....	4	4.13.4	Tengja viftu við stýrieininguna..... 33
1.4	Gagnavernd.....	5	4.13.5	Staðsetning stýrieiningarinnar..... 33
1.5	Framsetning upplýsinga.....	5	4.13.6	Tenging við rafmagnsnetið..... 34
<b>2</b>	<b>Öryggi</b>	<b>6</b>	4.14	Gasuppsetning (aðeins í gashelluborði CKG)..... 34
2.1	Almennar öryggisupplýsingar.....	6	4.14.1	Loftræsting..... 34
2.2	Öryggisleiðbeiningar varðandi uppsetningu.....	6	4.14.2	Gastenging..... 35
2.3	Öryggisleiðbeiningar – tækið fjarlægt og því fargað.....	8	4.14.3	Skipta um gastegund..... 35
2.4	Öryggisleiðbeiningar fyrir varahluti.....	8	4.14.4	Gasuppsetning..... 37
2.5	Viðeigandi notkun.....	8	4.15	Fyrsta notkun..... 37
<b>3</b>	<b>Tæknilýsing</b>	<b>10</b>	4.15.1	Virkniprófun..... 37
3.1	CKA2.....	10	4.16	Bæta við tækjum..... 38
3.2	CKFI.....	11	4.17	Tækið afhent notanda..... 38
3.3	CKI.....	12	<b>5</b>	<b>Helluborðið tekið úr notkun, fjarlægt og því fargað</b>
3.4	CKIW.....	13	5.1	Tækið tekið úr notkun..... 39
3.5	CKCH.....	14	5.2	Tækið fjarlægt..... 39
3.6	CKCB.....	15	5.3	Umhverfisvæn förgun..... 39
3.7	CKG.....	16		
3.8	CKT.....	17		
<b>4</b>	<b>Uppsetning</b>	<b>18</b>		
4.1	Almennar uppsetningarleiðbeiningar.....	18		
4.1.1	Nota helluborðsgufugleypi með eldstæði sem er háð loftinu í rýminu.....	18		
4.2	Innihald sendingar athugað.....	19		
4.2.1	Afhendingarumfang helluborðsgufugleypir.....	19		
4.2.2	Afhendingarumfang helluborðsgufugleypir.....	19		
4.3	Verkfæri og hjálpartæki.....	19		
4.4	Leiðbeiningar um uppsetningu.....	19		
4.4.1	Öryggisfjarlægðir.....	19		
4.4.2	Borðplata og eldhúsinnrétting.....	19		
4.4.3	Bakflæði loftis við notkun helluborðsgufugleypis sem loftringrásarkerfi.....	20		
4.4.4	Sérstakar uppsetningarleiðbeiningar fyrir gashelluborðið CKG.....	20		
4.5	Smiðamál.....	21		
4.5.1	Innfelld uppsetning.....	22		
4.5.2	Ofanálíggjandi uppsetning.....	22		
4.6	Ísetningarmál.....	23		
4.7	Uppsetningarleiðir.....	24		
4.8	Samsetning frásogkerfis.....	25		
4.8.1	Samsetning gufugleypir CKA2.....	25		
4.9	Uppsetning gufugleypis.....	26		
4.9.1	Aðlaga og staðsetja gufugleypinn.....	26		
4.10	Setja upp lagnakerfi.....	26		
4.10.1	Uppsetning lagnakerfis í gufugleypi CKA2.....	26		
4.10.2	Setja upp aukaviftu.....	28		
4.11	Uppsetning helluborða.....	28		
4.11.1	Aðlaga og samstillta helluborð.....	28		
4.11.2	Festing gufugleypsins.....	29		
4.11.3	Festing helluborðanna.....	29		
4.12	Tengja ytri snertirofa.....	30		
4.13	Koma á samskiptum og tengja við rafmagn.....	32		
4.13.1	Koma á samskiptum milli gufugleypis og helluborða.....	32		

# 1 Almennt

## 1.1 Markhópur

Þessar uppsetningarleiðbeiningar eru handa eftirfarandi markhópum:

Markhópur	Kröfur
Laghentur aðili	Laghentur aðili má annast alla nauðsynlega smíða- og uppsetningarvinnu sjálfur, svo fremi sem hann býr yfir nauðsynlegri færni og viðeigandi fagþekkingu. Hann má hins vegar alls ekki tengja rafmagn og gas á eigin spýtur.
Fagaðilar á sviði uppsetningar	Fagaðilar á sviði uppsetningar mega annast alla nauðsynlega smíða- og uppsetningarvinnu samkvæmt gildandi reglum. Rafmagns- og gastengingar verða að vera teknar út af viðurkenndum fagaðila á viðkomandi sviði áður en þær eru teknar í notkun.
Rafvirkjar	Viðurkenndur fagaðili verður að annast tengingu við rafmagn. Hann skal einnig bera ábyrgð á því að farið sé rétt að þegar búnaðurinn er tengdur við rafmagn og tekinn í notkun.
Fagaðilar fyrir gasbúnað	Viðurkenndur fagaðili verður að annast tengingu við gas. Hann skal einnig bera ábyrgð á því að farið sé rétt að þegar búnaðurinn er tengdur við gas og tekinn í notkun.

Tafla 1.1 Markhópar

**UPPLÝSINGAR** Fyrirtækin BORA Holding GmbH, BORA Vertriebs GmbH & Co KG, BORA APAC Pty Ltd sem og BORA Lüftungstechnik GmbH – hér eftir nefnd BORA – eru ekki ábyrg fyrir tjóni sem rekja má til þess að farið er á skjön, að hluta eða að öllu leyti, við þessi skjöl og við óviðeigandi uppsetningu! Ófrjávíkjanlegt er að viðurkenndir fagaðilar annast allar tengingar við rafmagn og gas. Við uppsetningu verður ávallt að fylgja gildandi stöðlum, reglum og lögum. Fylgja verður öllum öryggisleiðbeiningum og viðvörðunum, sem og fyrirmælum í notkunar- og uppsetningarleiðbeiningunum.

## 1.2 Gildistími

**UPPLÝSINGAR** Þessi handbók lýsir kerfinu BORA Classic 2.0 með 03.00 hugbúnaðarútgáfunni.

Þessar leiðbeiningar eiga við fyrir mismunandi gerðir tækja. Af þessum sökum getur verið að einstaka lýsingar á útbúnaði eigi ekki við um tækið þitt. Myndirnar sem birtar eru, eru eingöngu til almennrar útskýringar og geta frávik hvað smáatriði varðar verið til staðar allt eftir tegundagerð.

## 1.3 Önnur skjöl sem eiga við

Með þessum leiðbeiningum eru frekari skjöl gild og verður að fylgja þeim, sérstaklega notkunarleiðbeiningar System Bora Classic 2.0

Lesi skal öll skjöl sem fylgja með tækinu og fara eftir því sem þar kemur fram.

**UPPLÝSINGAR** BORA ber enga ábyrgð á tjóni sem hlýst af því að þessum skjölum er ekki fylgt!

### Tilskipanir

Tækin mæta eftirfarandi ESB-reglugerðum:  
 Tilskipun 2014/30/ESB um rafsegulsviðssamhæfi  
 Tilskipun 2014/35/ESB um lágspennu  
 Tilskipun 2009/125/EB um vishönnun  
 Tilskipun 2011/65/ESB um takmörkun á notkun tiltekinna hættulegra efna í raf- og rafeindatækjum

### Reglugerðir

Gastæki mæta eftirfarandi ESB reglugerðum:  
 Tilskipun ESB 2016/426 um gastæki

## 1.4 Gagnavernd

Gufugleypir þinn geymir meðan á notkun stendur undir gervinafni gögn, eins og til dæmis stillingar í valmynd, notkunartíma einstakra tæknilegra eininga og fjöldi þeirra stillinga sem notaður er. Þar fyrir utan skrásetur gufugleypirinn mistök í samsetningu við fjölda notkunarstunda.

Gögnin er eingöngu hægt að lesa með handvirkum hætti og er sú ákvörðun því undir þér komið.

Hin geymdu gögn gera þá mögulegt að veita skjóta gallaleit og lausnir þegar þjónusta er þörf.

## 1.5 Framsetning upplýsinga

Svo lesendur geti notað leiðbeiningarnar hratt og örugglega er notkun útlits, tölusetningar, tákna, öryggisleiðbeininga, hugtaka og skammstafana með samræmdum hætti.

**Leiðbeiningar um aðgerðir** eru auðkenndar með ör.

► Fylgja skal öllum leiðbeiningum í þeirri röð sem þær koma fyrir.

**Upptalningar** eru merktar með ferköntuðu upptalningarmerki við upphaf línu.

- Upptalning 1
- Upptalning 2

**UPPLÝSINGAR** Upplýsingar sem vísa á sérstök atriði sem verður skilyrðislaust að fara eftir.

### Öryggisleiðbeiningar og viðvaranir

Öryggisleiðbeiningar og viðvaranir í þessum leiðbeiningum eru auðkenndar með táknum og viðvörunarorðum.

Öryggisleiðbeiningar og viðvaranir eru settar fram á eftirfarandi hátt:

#### VIÐVÖRUNARMERKI OG VIÐVÖRUNARORÐ!

##### Tegund og orsök hættu

Afleiðingar ef leiðbeiningum er ekki fylgt

► Ráðstafanir til að forðast hættu

Þar gildir:

- Viðvörunarmerkið vekur athygli á hættunni.
- Viðvörunarorðið gefur til kynna hversu mikil hættu er á ferðum.

Viðvörunarmerki	Viðvörunarorð	Áhætta
	<b>Hætta</b>	Bendir á bráða hættu sem leiðir til dauða eða alvarlegra slysa ef ekki er farið eftir leiðbeiningum.
	<b>Viðvörðun</b>	Bendir á mögulega hættu sem getur leitt til dauða eða alvarlegra slysa ef ekki er farið eftir leiðbeiningum.
	<b>Varúð</b>	Bendir á mögulega hættu sem getur leitt til óverulegra eða vægra áverka ef ekki er farið eftir leiðbeiningum.
–	<b>Varúð</b>	Bendir á aðstæður sem geta leitt til eignatjóns ef ekki er farið eftir leiðbeiningum.

Tafla 1.2 Merking viðvörunarmerkja og viðvörunarorða

## 2 Öryggi

### 2.1 Almennar öryggisupplýsingar

**UPPLÝSINGAR** Þetta tæki uppfyllir lögboðnar öryggiskröfur. Notandi er ábyrgur fyrir þrifum á tækinu, umhirðu þess og því að öryggis sé gætt við notkun. Röng notkun getur haft í för með sér líkams- og eignatjón.

- Leiðbeiningar um notkun og uppsetningu innihalda mikilvægar upplýsingar varðandi uppsetninguna og notkunina. Með því að fylgja þeim má koma í veg fyrir líkamsáverka og skemmdir á tækinu. Á bakhliðinni má finna tengiliðaupplýsingar fyrir frekari upplýsingar með tilliti til spurninga varðandi notagildi og notkun.
- Hugtakið tæki er hér notað um helluborð, gufugleypa sem og um helluborð með gufugleypi.
  - ▶ Lesið leiðbeiningar um notkun og uppsetningu til fulls, áður en tækið er tekið í notkun.
  - ▶ Geymið notkunar- sem og uppsetningarleiðbeiningarnar alltaf á handhægum stað, þannig að þær séu til staðar þegar þörf er á þeim.
  - ▶ Ef þú selur tækið skaltu afhenda nýjum eiganda leiðbeiningarnar að uppsetningu og notkun.
  - ▶ Sýnið fyllstu aðgát og samviskusemi við alla vinnu.
  - ▶ Athugið hvort sýnilegar skemmdir eru á tækinu þegar það er tekið úr umbúðunum.
  - ▶ Ekki setja skemmt tæki í samband.
  - ▶ Aðeins skal setja tækið í samband eftir uppsetningu lagnakerfis eða tengingu lofthringrásarsíunnar við rafmagnið.
  - ▶ Notið aðeins rafmagnstengisnúrunar sem fylgja með.
  - ▶ Ekki má nota tækið fyrr en uppsetningu er að fullu lokið, því þá fyrst er hægt að tryggja öryggi við notkun.
  - ▶ Gætið þess að enginn snerti heitar hellur.
  - ▶ Ekki má setja neina hluti á stjórnborðið eða á loftinntaksstút gufugleypisins.
  - ▶ Slökkvið á tækinu eftir notkun.
  - ▶ Haldið gæludýrum fjarri tækinu.

#### VARÚÐ!

#### Slysaætta vegna hluta sem falla af tækinu!

Hlutir sem falla af tækinu, t.d. pottagrindur, stjórnæki, lok eða fitusíur o.fl., geta valdið slysum.

- ▶ Íhlutir sem teknir eru úr tækinu skal ganga örugglega frá við hlið tækisins.
- ▶ Sjáið til þess að íhlutir sem teknir eru úr tækinu geti ekki fallið niður.

#### Óheimilar breytingar

Óheimilar breytingar geta leitt til þess að hætta stafi af tækinu.

- ▶ Ekki gera neinar breytingar á tækinu.

### 2.2 Öryggisleiðbeiningar varðandi uppsetningu

Uppsetning og samsetning tækisins má eingöngu vera í höndum sérþjálfaðra fagaðila sem eru kunnugir og fylgja innlendum reglum og frekari reglum rafveitufyrirtækja á staðnum.

Vinna við rafbúnað verður að vera í höndum faglærðra rafvirkja.

Rafmagnsöryggi tækisins er einungis tryggt ef það er tengt við varnarleiðarakerfi sem samræmist reglum. Sjá skal til þess að þessi grundvallarráðstöfun vegna öryggis sé gerð.

- ▶ Athugið hvort sýnilegar skemmdir eru á tækinu áður en það er sett upp.
- ▶ Ef tækið er skemmt má ekki setja það upp.
- Skemmt tæki skapar hættu.
- Viðgerðir skulu eingöngu vera í höndum fagaðila sem framleiðandi viðurkennir.



#### HÆTTA!

#### Köfnunarhætta!

Umbúðir (t.d. filmur og frauðplast) geta verið lífshættulegar fyrir börn.

- ▶ Geymið umbúðir þar sem börn ná ekki til.
- ▶ Fargið umbúðunum strax með viðeigandi hætti.

### 2.2.1 Öryggisáþendingar varðandi uppsetningu á helluborði.



#### HÆTTA!

##### Hætta er á raflosti!

Hætta er á raflosti ef tækið er ekki tengt rétt við rafveituspennu.

- ▶ Gangið úr skugga um að tækið sé fasttengt við rafveituspennu.
- ▶ Tryggið að tækið sé tengt við varnarleiðarakerfi sem samræmist reglum.
- ▶ Tryggið að búnaður sé fyrir hendi sem gerir kleift að rjúfa samband við rafveitukerfi með snertiopi sem er að minnsta kosti 3 mm á öllum skautum (lekaliðum, öryggjum, sjálfvirkum straumrofum, snertlum).



#### HÆTTA!

##### Hætta er á raflosti!

Ef rafmagnsleiðslan kemst í snertingu við heitar hellur gæti hún orðið fyrir skemmdum. Skemmd rafmagnsleiðsla getur valdið (banvænu) raflosti.

- ▶ Tryggið að rafmagnsleiðslan komist ekki í snertingu við heitar hellur.
- ▶ Gætið þess að klemma ekki rafmagnssnúruna eða skemma hana.



#### VARÚÐ!

##### Að lyfta þungum hlutum getur valdið bakáverkum!

Ef ekki er farið rétt að getur það að fjarlægja og setja tækið í valdið áverkum í útlimum og bók.

- ▶ Að lyfta helluborðinu upp úr umbúðunum er tveggja manna verk.
- ▶ Að setja helluborðið í opið í borðplötunni er tveggja manna verk.
- ▶ Ef þörf krefur skal nota viðeigandi hjálpartæki til að koma í veg fyrir skaða eða áverka í útlimum og bók.

### Sérstakar öryggisáþendingar varðandi gashellur.

Tenging við gas má eingöngu vera í höndum faglærðs uppsetningaraðila og skal fara fram í samræmi við gildandi lög og reglur. Fylgja skal gildandi reglum rafmagnsveitufyrirtækja á hverjum stað.

- ▶ Tækið hentar ekki til uppsetningar eða notkunar með auka- né viðbótarbúnaði frá þriðja aðila.



#### HÆTTA!

##### Sprengihætta vegna gass!

Gas sem lekur út getur orsakað sprengingu og alvarleg meiðsl.

- ▶ Haldið kveikjugjöfum (opnum eldi, geislahiturum) í öruggri fjarlægð.
- ▶ Lokið fyrir gasinntakið og sláið út örygginu í heimilisrafmagnstöflunni
- ▶ Þetta skal umsvifalaust fyrir alla leka.

### 2.2.2 Öryggisáþendingar varðandi uppsetningu á gufugleypi.



#### HÆTTA!

##### Eitrunarhætta vegna brunaloftegunda!

Pegar gufugleypirinn er notaður í útblástursham dregur hann loft úr rýminu sem hann er settur upp í og nálægum rýmum. Ef aðstreymi lofts er of lítið myndast undirþrýstingur. Eitraðar lofttegundir sogast úr skorsteininum eða útblásturslögn eldstæðisins og aftur inn í rýmin.

- ▶ Gætið þess að næg loftræsting sé alltaf fyrir hendi.
- ▶ Notið aðeins viðurkenndan og prófaðan rofbúnað (t.d. gluggarofa, undirþrýstingsmæli) og fáið hann samþykktan af viðurkenndum sérfræðingi (sótara).



#### HÆTTA!

##### Hætta er á raflosti!

Afgangshleðsla getur verið fyrir hendi í stýrieiningunni og valdið raflosti.

- ▶ Ekki snerta óvarðar tengingar á stýrieiningunni.



#### HÆTTA!

##### Hætta er á raflosti!

Hætta er á raflosti ef tengileiðslur ytri rof- og stýribúnaðar eru ekki einangraðar á réttan hátt.

- ▶ Gætið þess að tengileiðslan sé tryggilega fest með togvarnarklemmu innan í alhliða stýrieiningunni.
- ▶ Gætið þess að farið sé að fyrirmælum um einangrunarlengdir.

**HÆTTA!**

**Hætta á raflosti og eignaskemmdum!**  
Skemmd stýrieining getur leitt til skammhlaups.

- ▶ Ekki taka neitt tæki í notkun sem er með skemmda stýrieiningu.
- ▶ Látið BORA þjónustuaðila vita og látið skipta um stýrieininguna.

### Sérstakar öryggisáþendingar fyrir útblásturskerfi:

- ▶ Við beint lagnakerfi á milli viftu og veggrörs skal athuga lengd lagnarinnar.
- Á milli útblástursop viftunnar og útblástursops veggrörsins verður að gera ráð fyrir að minnsta kosti 90 cm lagnalengd.

## 2.3 Öryggisleiðbeiningar – tækið fjarlægð og því fargað

Fjarlægging tækisins má eingöngu vera í höndum sérþjálfaðra fagaðila sem eru kunnugir og fylgja innlendum reglum og frekari reglum rafveitufyrirtækja á staðnum.

Vinna við rafbúnað verður að vera í höndum faglærðra rafvirkja.

**HÆTTA!****Hætta er á raflosti!**

Hætta er á raflosti ef tækið er ekki aftengt frá rafveituspennu á réttan hátt.

- ▶ Rjúfið strauminn til tækisins á öruggan hátt með lekaliðum, öryggjum, sjálfvirkum straumrofum eða snertlum.
- ▶ Notið viðurkennt mælitæki til að tryggja að engin spenna sé á tækinu.
- ▶ Forðist að snerta laus tengi á rafmagnstækinu þar sem afgangsspenna getur verið fyrir hendi.

### Sérstakar öryggisáþendingar fyrir gashellur.

Vinna við gastengingu má eingöngu vera í höndum faglærðs uppsetningaraðila og skal fara fram í samræmi við gildandi lög og reglur. Fylgja skal gildandi reglum rafveitufyrirtækja á hverjum stað.

## 2.4 Öryggisleiðbeiningar fyrir varahluti

**VIÐVÖRUN!**

**Hætta er á meiðslum og skemmdum!**  
Rangir íhlutir geta leitt til líkamsáverka eða skemmda á tækinu. Breytingar, viðbætur eða umbreytingar á tækinu geta stefnt öryggi í hættu.

- ▶ Aðeins má nota upprunalega varahluti við viðgerðir.

**UPPLÝSINGAR** Skemmda rafmagnssnúru verður að skipta út fyrir viðeigandi rafmagnssnúru. Þetta má aðeins eiga sér stað gegnum viðurkenndan þjónustuaðila.

## 2.5 Viðeigandi notkun.

Tækið má ekki taka til notkunar í hæð yfir 2000 metrum (metrar yfir sjávarmáli).

Áþendingar varðandi gashellur:  
Með hækkandi hæð yfir sjávarmáli dregur einnig úr afkastagetu brennara í hellunni.

Tækið er eingöngu ætlað til matreiðslu á heimilum.

Tækið er ekki ætlað til:

- notkunar utanhúss
- uppsetningar í ökutækjum
- upphitunar í herbergjum
- notkunar á stöðum sem eru ekki kyrrstæðir (t.d. á skipum)
- notkunar með ytri tímarofa eða aðskildum fjarstýringarbúnaði (fjarstýringu).

Öll önnur notkun en sú sem tilgreind er í þessum notkunar- og uppsetningarleiðbeiningum eða notkun sem gengur lengra en hér er lýst telst vera óviðeigandi. BORA ber ekki ábyrgð á skemmdum sem rekja má til óviðeigandi eða rangrar notkunar.

**Öll misnotkun er óheimil!**



---

**UPPLÝSINGAR** Fyrirtækin BORA Holding GmbH, BORA Vertriebs GmbH & Co KG, BORA APAC Pty Ltd og BORA Lüftungstechnik GmbH eru ekki ábyrg fyrir tjóni sem rekja má til þess að ekki er farið eftir öryggisleiðbeiningum og viðvörðunum.

---


## 3 Tæknilýsing

### 3.1 CKA2


Færibreyta	Gildi
Tengispenna	220 - 240 V
Tíðni	50/60 Hz
Innafl (þar með talið ytri BORA algildisvara víftur).	hámark 550 W
Öryggi innra	TR 3,15 A
Mál (breidd x dýpt x hæð)	439 x 515 x 190 mm
Þyngd (með aukabúnaði/umbúðum)	7,5 kg
Efnisyfirborð	Gler SSG / Ryðfrítt stál 1.4301 og gerviefni
Gufugleypir	
Styrkleikabrep	1 - 5, P
Tenging útblástursmegin	BORA Ecotube

Tafla 3.1 Tæknileg gögn CKA2


### Tækjamál CKA2




Mynd 3.1 CKA2 tækjamál séð að ofan



Mynd 3.2 CKA2 tækjamál séð að framan



Mynd 3.3 CKA2 tækjamál séð frá hlið




Mynd 3.4 Tækjamál stýrieining

### 3.2 CKFI


Færibreyta	Gildi
Tengispenna	220 - 240 V
Tíðni	50/60 Hz
Innafl	3,68 kW
Öryggi	1 x 16 A
Mál (breidd x dýpt x hæð)	327 x 515 x 58 mm
Þyngd (með aukabúnaði/umbúðum)	7,9 kg
Helluborð	
Styrkleikþrep	1 - 9, P
Halda heitu þrep	3
Eldunarsvæði að framan (svæði 1) Kraftþrep	230 x 230 mm 2100 W 3680 W
Eldunarsvæði að aftan (svæði 2) Kraftþrep	230 x 230 mm 2100 W 3680 W
Orkunotkun helluborðs	
Eldunarsvæði að framan (svæði 1)	230 x 230 mm 182,8 (Wh/kg)
Eldunarsvæði að aftan (svæði 2)	230 x 230 mm 181,1 (Wh/kg)
Eldunarsvæði brúuð	230 x 460 mm 207,0 (Wh/kg)
Samtals (að meðaltali)	190,3 (Wh/kg)

Tafla 3.2 Tæknileg gögn CKFI


### Tækjamál CKFI



Mynd 3.5 CKFI tækjamál séð að ofan



Mynd 3.6 CKFI tækjamál séð að framan




Mynd 3.7 CKFI tækjamál séð frá hlið

### 3.3 CKI


Færibreyta	Gildi
Tengispenna	220 - 240 V
Tíðni	50/60 Hz
Innafl	3,68 kW
Öryggi	1 x 16 A
Mál (breidd x dýpt x hæð)	327 x 515 x 58 mm
Þyngd (með aukabúnaði/umbúðum)	7,6 kg
Helluborð	
Styrkleikþrep	1 - 9, P
Halda heitu þrep	3
Eldunarsvæði að framan (svæði 1) Kraftþrep	Ø 230 mm    2300 W 3680 W
Eldunarsvæði að aftan (svæði 2) Kraftþrep	Ø 165 mm    1400 W 2200 W
Orkunotkun helluborðs	
Eldunarsvæði að framan (svæði 1)	Ø 230 mm    180,5 (Wh/kg)
Eldunarsvæði að aftan (svæði 2)	Ø 165 mm    178,7 (Wh/kg)
Samtals (að meðaltali)	179,6 (Wh/kg)

Tafla 3.3 Tæknileg gögn CKI


### Tækjamál CKI



Mynd 3.8 CKI tækjamál séð að ofan



Mynd 3.9 CKI tækjamál séð að framan




Mynd 3.10 CKI tækjamál séð frá hlið

### 3.4 CKIW


Færibreyta	Gildi
Tengispenna	220 - 240 V
Tíðni	50/60 Hz
Innafl	3,0 kW
Öryggi	1 x 16 A
Mál (breidd x dýpt x hæð)	327 x 515 x 116 mm
Þyngd (með aukabúnaði/umbúðum)	9,8 kg
Helluborð	
Styrkleikþrep	1 - 9, P
Halda heitu þrep	3
Eldunarsvæði kraftþrep	Ø 250 mm      2400 W 3000 W

Tafla 3.4 Tæknileg gögn CKIW


### Tækjamál CKIW



Mynd 3.11 CKIW tækjamál séð að ofan



Mynd 3.12 CKIW tækjamál séð að framan




Mynd 3.13 CKIW tækjamál séð frá hlið

### 3.5 CKCH


Færibreyta	Gildi
Tengispenna	220 - 240 V
Tíðni	50/60 Hz
Innafl	3,68 kW
Öryggi	1 x 16 A
Mál (breidd x dýpt x hæð)	327 x 515 x 75 mm
Þyngd (með aukabúnaði/umbúðum)	7,2 kg
Helluborð	
Styrkleikaprep	1-9, P, 2-hringja-tenging
Halda heitu þrep	3
Eldunarsvæði að framan (svæði 1)	Ø 215 mm 2100 W
Kraftþrep	3000 W
Eldunarsvæði að aftan (svæði 2)	Ø 120 mm 600 W
2-hringja-tenging	Ø 180 mm 1600 W
Orkunotkun helluborðs	
Eldunarsvæði að framan (svæði 1)	Ø 215 mm 191,3 (Wh/kg)
Eldunarsvæði að aftan (svæði 2)	Ø 120/180 mm 197,6 (Wh/kg)
Samtals (að meðaltali)	194,5 (Wh/kg)

Tafla 3.5 Tæknileg gögn CKCH


### Tækjamál CKCH



Mynd 3.14 CKCH tækjamál séð að ofan



Mynd 3.15 CKCH tækjamál séð að framan




Mynd 3.16 CKCH tækjamál séð frá hlið

### 3.6 CKCB


Færibreyta	Gildi	
Tengispenna	220 - 240 V	
Tíðni	50/60 Hz	
Innafl	3,68 kW	
Öryggi	1 x 16 A	
Mál (breidd x dýpt x hæð)	327 x 515 x 75 mm	
Þyngd (með aukabúnaði/umbúðum)	7,4 kg	
Helluborð		
Styrkleikabrep	1-9, tenging 2-hringja, Tenging steikarpotts-eldunarsvæðis	
Halda heitu þrep	3	
Eldunarsvæði að framan (svæði 1)	Ø 180 mm	1600 W
Eldunarsvæði að aftan (svæði 2)	Ø 120 mm	600 W
2-hringja-tenging	Ø 180 mm	1600 W
Tenging steikarpotts-eldunarsvæðis	Ø 180 x 410 mm	3680 W
Orkunotkun helluborðs		
Eldunarsvæði að framan (svæði 1)	Ø 180 mm	193,4 (Wh/kg)
Eldunarsvæði að aftan (svæði 2)	Ø 120/180 mm Ø 180 x 410 mm	195,5 (Wh/kg)
Samtals (að meðaltali)		194,4 (Wh/kg)

Tafla 3.6 Tæknileg gögn CKCB


### Tækjamál CKCB



Mynd 3.17 CKCB tækjamál séð að ofan



Mynd 3.18 CKCB tækjamál séð að framan




Mynd 3.19 CKCB tækjamál séð frá hlið

### 3.7 CKG


Færibreyta	Gildi
Tengispenna	220 - 240 V
Tíðni	50/60 Hz
Heildargeta brennara	5,0 kW
Tengigildi	20 W
Öryggi	1 x 0,5 A
Mál (breidd x dýpt x hæð)	
Helluborð	327 x 515 x 73 mm
Pottagrind Öflugur brennari	270 x 270 x 25/50 mm
Pottagrind Venjulegur brennari	235 x 235 x 25/50 mm
Pyngd (með aukabúnaði/umbúðum)	11,5 kg
Helluborð	
Styrkleikaþrep	1 - 9, P
Halda heitu þrep	3
Sterkur brennari að framan	800 - 3000 W
Venjulegur brennari að aftan	550 - 2000 W
Heildar-tenginafngildi	5,00 kW
G20/20 mbar:	0,449 m <sup>3</sup> /h
Orkunotkun helluborðs G20 / 20 mbar flokkur I2H 20 mbar (mæling án helluborðsgufugleypis)	
Sterkur brennari að framan	800 - 3000 W 63,3 %
Venjulegur brennari að aftan	550 - 2000 W 61,3 %
Samtals (að meðaltali)	62,3 %

Tafla 3.7 Tæknilýsing


### Tækjamál CKG



Mynd 3.20 CKG tækjamál séð að ofan



Mynd 3.21 CKG tækjamál séð að framan



Mynd 3.22 CKG tækjamál séð frá hlið




### 3.8 CKT


Færibreyta	Gildi
Tengispenna	220 - 240 V
Tíðni	50/60 Hz
Innafl	3,5 kW
Öryggi	1 x 16 A
Mál (breidd x dýpt x hæð)	327 x 515 x 73 mm
Þyngd (með aukabúnaði/umbúðum)	13,6 kg
Helluborð	
Hitastigsstilling (Styrkleikaprep)	150 - 230 °C, 250 °C (1-9, P)
Halda heitu þrep	3
Eldunarsvæði að framan (svæði 1)	250 x 220 mm 1750 W
Eldunarsvæði að aftan (svæði 2)	250 x 220 mm 1750 W
Stillingarsvæði hitastigs	70 - 250 °C

Tafla 3.8 Tæknileg gögn CKT


### Tækjamál CKT



Mynd 3.23 CKT tækjamál séð að ofan



Mynd 3.24 CKT tækjamál séð að framan



Mynd 3.25 CKT tækjamál séð frá hlið

## 4 Uppsetning

- Fylgið öllum öryggisupplýsingum og viðvörðunum (sjá kaflann „Öryggi“).
- Fylgja skal meðfylgjandi leiðbeiningum framleiðanda.

### 4.1 Almennar uppsetningarleiðbeiningar

**UPPLÝSINGAR** Tækin má ekki setja upp fyrir ofan kælitæki, uppþvottavélar, ofna, bakaraofna né þvottavélar eða þurrkara.

**UPPLÝSINGAR** Uppsetningarfletir borðplatananna og veggjalistanna verða að vera úr hitapolnu efni (allt að 100 °C)

**UPPLÝSINGAR** Borðplötuhluta verður að verja með viðeigandi efni gegn raka og ef svo ber undir útbúa þær með hitaeinangrun.

**UPPLÝSINGAR** Ytri tæki má eingöngu tengja við þar til gerð tengi á helluborðsgufugleypi.

**UPPLÝSINGAR** Mjög bjart, afmarkað og beint ljós sem skín á tækin getur leitt til sýnilegs litamismunar á milli tækjanna og skal forðast slíkt.

#### Almennar uppsetningarleiðbeiningar fyrir helluborð

**UPPLÝSINGAR** Til að viðhalda fullum afköstum helluborða til lengri tíma, skal tryggja fullnægjandi loftræstingu undir helluborði.

**UPPLÝSINGAR** Það hefur áhrif á afköst borðplötunnar eða jafnvel leitt til ofhitunar á borðplötum þegar heita loftið kemst ekki undan borðplötunni.

**UPPLÝSINGAR** Ef helluborð ofhitnar, minnkar rafmagnið sjálfkrafa eða slokknar á helluborðinu alveg (sjá vernd gegn ofhitnun).

**UPPLÝSINGAR** Ef gert er ráð fyrir kapalvarnarbotni (millibotni) fyrir neðan tækin, má það ekki hindra nægilegt loftinnstreymi.

- Tryggið að nægilegt aðflæði lofts sé fyrir hendi undir helluborðinu.


#### 4.1.1 Nota helluborðsgufugleypi með eldstæði sem er háð loftinu í rýminu.

**UPPLÝSINGAR** Fara verður eftir innlendum og svæðisbundnum lögum og reglugerðum þegar verið er að setja upp lögn fyrir útblástursloft.


**UPPLÝSINGAR** Tryggja verður nægilegt loftflæði að.

Eldstæði sem taka inn loft úr rýminu (t.d. gas-, olíu-, viðar- eða kolakyntar miðstöðvar, vatnshitarar með stöðugu streymi, heitavatnskatlar) taka loft úr rýminu sem þau standa í til brennslu og veita útblæstri út í andrúmsloftið gegnum útblásturskerfi (t.d. reykhlíf).

Þegar helluborðsgufugleypir er notaður með loftútblastri dregur hann loft úr rýminu sem hann er settur upp í og nálægum rýmum. Ef aðstreymi lofts er of lítið myndast undirþrýstingur. Eitraðar lofttegundir sogast úr skorsteininum eða útblásturslögninni og aftur inn í herbergið.



Mynd 4.1 Útblástursuppsetning – ekki leyfð



Mynd 4.2 Útblástursuppsetning – rétt

- Tryggið við samtímanotkun á helluborðsgufugleypinum í uppsetningarrými eldstæðis að:

- undirþrýstingur sé að hámarki 4 Pa (4 x 10<sup>-5</sup> bör);
- uppsett sé örugg tæknileg uppsetning (til dæmis gluggasnertiskynjari, undirþrýstingsvaktari), sem tryggir nægilegt aðstreymi á fersku lofti;
- útblástursloftinu sé ekki veitt inn í skorstein sem notaður er fyrir útblástursgöms tækja sem ganga fyrir gasi eða öðru eldsneyti;
- uppsetningin sé prófuð og samþykkt af viðurkenndum fagaðila (til dæmis sótarar)

**UPPLÝSINGAR** Ekki má smíða í veg fyrir neina gluggasnertiskynjara, sem aðskilja stýrieininguna frá rafmagnsgjöf (fasaaðgreining). Eingöngu skal nota Home-In-tengið.

## 4.2 Innihald sendingar athugað

- ▶ Gangið úr skugga um að allt fylgi með og sé óskemmt.
- ▶ Upplýsið Bora þjónustudeildina ef hluti vantar í afhendinguna eða eru skemmdir.
- ▶ Alls ekki má setja upp hluti sem eru skemmdir.
- ▶ Fargið flutningaumbúðum á viðeigandi hátt (sjá kaflann um hætta notkun á, taka í sundur og förgun).

### 4.2.1 Afhendingarumfang helluborðsgufugleypir

Afhendingarumfang CKA2	Fjöldi
Uppsetningarleiðbeiningar	1
Notkunarleiðbeiningar	1
Grunneining frásog (CKA2GM)	1
Inntaksstútur (CKA2ED)	1
Fitusíueining (CKA2FFE)	1
Stýrieining (CKA2SB)	1
Nettengingarsnúra (eftir landi).	1
Eining sveigjanleg (CKA2MF)	1
Ferríthólkur (UFK)	1

Tafla 4.1 Afhendingarumfang helluborðsgufugleypir

### 4.2.2 Afhendingarumfang helluborðsgufugleypir

Innihald sendingar	Fjöldi
<b>CKFI, CKI, CKIW, CKCH, CKCB, CKG, CKT</b>	
Helluborð	1
Uppsetningarkrækjur	4
Hæðarstillingarsett	1
<b>Viðbótar afhendingarumfang CKFI, CKI, CKIW, CKCH, CKCB</b>	
Prífaleiðbeiningar keramik	1
Keramíkskafa	1
<b>viðbótar afhendingarumfang (CKG)</b>	
Afsteypu-pottagrind	2
Stútasett G20/20 mbar Jarðgas PKGDS2020	1
Sveigjanleg gastengingarslanga, Lengd 500 mm, 1/2" skrúfugangur (EN14800)	1
Skriptistykki sívalur-keilulaga	1
Pétting	1
Prífaleiðbeiningar keramik	1
Keramíkskafa	1
<b>Viðbótar afhendingarumfang CKT</b>	
Tepan skafa	1

Tafla 4.2 Afhendingarumfang helluborðsgufugleypir

## 4.3 Verkfæri og hjálpartæki


Til réttar uppsetningar á kerfinu þarftu meðal annars eftirfarandi sérstök verkfæri:

- Skrúfjárn/lykill Torx 20
- Svart hitapolið silíkonkíttri
- Fín sög

## 4.4 Leiðbeiningar um uppsetningu

### 4.4.1 Öryggisfjarlægðir

- ▶ Haltu þessum öryggisfjarlægðum:



Mynd 4.3 Lágmarksfjarlægðir

- [1] 50 mm lágmarksfjarlægð fyrir framan og aftan borðplötuhlutann að kanti borðplötunnar.
- [2] 300 mm lágmarksfjarlægð vinstra og hægra megin við borðplötuhlutann að skápi eða vegg þar við hliðina.
- [3] 600 mm lágmarksfjarlægð milli vinnuborðs og efri skápa einingar (fyrir gasbúnað 650 mm).

### 4.4.2 Borðplata og eldhúsinnrétting

- ▶ Skerðu gat í vinnuborðið með hliðsjón af tilgreindum víddum gats.
- ▶ Þetta skal skurðarbrúnir í borðplötu með viðeigandi hætti.
- ▶ Fylgið leiðbeiningum frá framleiðanda borðplötunnar.
- Á svæðinu við útskorna svæði vinnuborðsins gæti verið nauðsynlegt að fjarlægja burðargrindarbita sem fyrir eru í húsgögnum.
- Milligólf undir helluborðinu er ekki nauðsynlegt. Ef gert er ráð fyrir kapalhlífðargólfi (milligólfi), verður að taka tillit til eftirfarandi:
  - Það verður að festa það þannig að hægt sé að fjarlægja það fyrir viðhald.
  - Fyrir næga loftræstingu helluborðsins verður að gæta þess að hafa lágmarksfjarlægð 15 mm að neðri brún helluborðsgufugleypis.
- Skúffur og/eða hillur í neðri skápnum verður að vera hægt að fjarlægja.
- Fyrir rétta uppsetningu þarf hugsanlega eftir aðstæðum að stytta skúffur undirskápsins.

#### 4.4.3 Bakflæði lofts við notkun helluborðsgufugleypis sem lofthringrásarkerfi.


Í lofthringrásarkerfi verður að vera hendi bakflæðisop í eldhúsinnréttingunni

- > 500 cm<sup>2</sup> (fyrir hverja lofthreinsunareiningu) með helluborðunum CKFI, CKI, CKIW, CKCH, CKCB, CKT
- > 1000 cm<sup>2</sup> (á hverja lofthreinsunareiningu) með gashelluborði CKG

**UPPLÝSINGAR** Ef nokkrir gufugleypar eru notaðir í hringloftrásarkerfi verður að reikna bakflæðisopið fyrir hverja lofthreinsieiningu margfalt til samræmis. Dæmi: 2 hingloftrásarkerfi = 2 x (> 500 cm<sup>2</sup>) eða 2 x (> 1000 cm<sup>2</sup>) fyrir gasbúnað

Fyrir bakflæði lofts er hægt að mynda bakflæðisop sem til þess er nauðsynlegt með því að stytta sökkul. Einnig er hægt að nota rimlasökkul með viðeigandi lágmarks þvermáli á opi.

- ▶ Tryggið að nægilegt bakflæðisop sé fyrir hendi.



Mynd 4.4 Áætlanardæmi bakflæði lofts (Eldhúseyja + eldunarsvæði + CKA2 + lofthreinsieining)

- [1] Helluborð
- [2] Gufugleypir CKA2 (hringrásarloft)
- [3] Lofthreinsieining (ULB1, ULB3, ULBF)
- [4] Sökkulvífta (ULS)
- [5] Bakflæðiop lofts  
(Heildarþvermál-ops á lofthreinsieiningu ≥500 cm<sup>2</sup> eða ≥1000 cm<sup>2</sup> í Gashelluborði CKG)

**UPPLÝSINGAR** Ef gasloginn slokknar, aukin logabjöggun og / eða logamynstrið er ekki rétt (til dæmis sót, bakskot, ...), verður að auka bakflæðisopið.

#### 4.4.4 Sérstakar uppsetningarleiðbeiningar fyrir gashelluborðið CKG

- ▶ Athugið staðbundnar gildandi reglur og tengiskilyrði fyrir gashelluborð.
- ▶ Prófið fyrir tengingu tækisins, hvort staðbundnu tengiskilyrðin (gastegund og gasþrýstingur) og tækjauppsetningin séu samræmd.

**UPPLÝSINGAR** Lágmarkskrafa fyrir notkun CKG gashelluborðs: Kerfishugbúnaður 03.00 (eða hærra)

- ▶ Ef nauðsyn krefur skaltu framkvæma fyrirspurn um uppsetta hugbúnaðarútgáfu (sjá notkunarleiðbeiningar, kafli valmynd).
- ▶ Ef nauðsyn krefur skaltu uppfæra kerfishugbúnaðinn (sjá notkunarleiðbeiningar, kafli valmynd).

**UPPLÝSINGAR** Lágmarksfjarlægð milli vinnuborðs og efri skápa einingar fyrir gasbúnað 650 mm.

**UPPLÝSINGAR** Fyrir hringloftrásarkerfi verður að gera ráð fyrir að minnsta kosti 1000 cm<sup>2</sup> bakloftsopnun á hverja lofthreinsieiningu.

**UPPLÝSINGAR** Tryggið nægilega loftræstingu.

**UPPLÝSINGAR** Til að virða viðkomandi gildandi reglur verður tenging helluborðsins við gasleiðsluna að eiga sér stað við þar áðurgengna lokun afsláttarloka.

**UPPLÝSINGAR** Tenging gasveituleiðslunnar er möguleg í uppsettu ástandi gas-helluborðsins.

**UPPLÝSINGAR** Slangan verður að liggja þannig að hún aflagist ekki né beyglist né verði fyrir svarfi.


**UPPLÝSINGAR** Tengingar afsláttarlokans og gasveituleiðslunnar verða að vera aðgengilegar.

**UPPLÝSINGAR** Prófun á slöngunni verður að fara fram eftir allri lengdinni og í uppsettu ástandi.

**UPPLÝSINGAR** Aðeins kemur til greina að nota samhæfða tengihluti fyrir tengingu slöngunnar.


<b>UPPLÝSINGAR</b>	Aðeins kemur til greina að nota samhæfða tengihluti fyrir tengingu slöngunnar.
<b>UPPLÝSINGAR</b>	Prýstistillirinn verður að hæfa þeirri gastegund og gasþrýstingi sem notuð eru og mæta staðbundnum reglum og lögbundnum kröfum.
<b>UPPLÝSINGAR</b>	Slanga gastengingarinnar má ekki snerta að neinu leyti reyk- eða loftútblastursrör.
<b>UPPLÝSINGAR</b>	Slangan má ekki snerta að neinu leyti heita fleti helluborðs né annarra tækja.
<b>UPPLÝSINGAR</b>	Gaslönguna skal prófa á 5 ára fresti og skipta um ef svo á við. Gasslangan verður að mæta kröfum EN14800.
<b>UPPLÝSINGAR</b>	Ef gashelluborðið er sett upp með tveimur gufugleypum, skal setja það upp við hliðina á öðrum þeirra. Við uppsetningu á milli gufugleypa geta logarnir orðið fyrir truflun vegna loftsogs beggja megin við.

### Aðflæði lofts í gashelluborðinu CKG



Mynd 4.5 Aðflæði lofts Korpus-framhlið

- [1] Aðflæði lofts gegnum Korpus-framhlið (þvermál ops  $\geq 50 \text{ cm}^2$ )
- [2] Valkvætt snúruhlífðargólf (stytt)



Mynd 4.6 Aðflæði lofts sökkulhluta


- [1] Valkvætt snúruhlífðargólf (stytt)
- [2] Aðflæði lofts gegnum sökkulhluta

**UPPLÝSINGAR** Fyrir nægilegt aðflæði lofts er ráðlagt að nota op með þvermál sem er að minnsta kosti  $50 \text{ cm}^2$  á framhlið eldhúsinnréttingar, eða op með þvermáli sem er að minnsta kosti  $150 \text{ cm}^2$  í sökkulhlutanum.

- Tryggið að nægilegt aðflæði lofts sé fyrir hendi undir helluborðinu.

## 4.5 Smíðamál


### Skögun á borðplötu




Mynd 4.7 Skögun á borðplötu

- Gættu að því sem hangir yfir vinnuborði  $x$  þegar þú skerð úr vinnuborðinu.





### 4.5.1 Innfelld uppsetning



Mynd 4.8 Smíðamál innfelld uppsetning




Mynd 4.9 Mál á falsi fyrir innfellda uppsetningu


Helluborð / gufugleypir	A in mm	B in mm
	1/1	448
	2/1	776
	3/2	1221
	4/2	1549

Tafla 4.3 Smíðamál á tækjasamsetningunni við innfellda uppsetningu





### 4.5.2 Ofanálíggjandi uppsetning



Mynd 4.10 Smíðamál ofanálíggjandi uppsetning




Mynd 4.11 Yfirborðsmál ofanálíggjandi uppsetning


Helluborð / gufugleypir	B in mm
	1/1
	2/1
	3/2
	4/2

Tafla 4.4 Smíðamál tækjasamstæðunnar við ofanálíggjandi uppsetningu.


## 4.6 Ísetningarmál




Mynd 4.12 Ísetningar-lágmarksmál með flötum hljóðdeyfi USDF




Mynd 4.13 Ísetning-lágmarksmál með hringlaga hljóðdeyfi USDR50




Mynd 4.14 Ísetningarmál tækis með flötum hljóðdeyfi USDF við Korpudýpt sem er 600 mm



Mynd 4.15 Ísetningarmál tækis með flötum hljóðdeyfi USDF við Korpudýpt sem er 700 mm



Mynd 4.16 Innbyggingarmál með flatri hljóðdeygingu USDF við innbyggingu í eldhúseyju



Mynd 4.17 Ísetningarmál tækis með hringlaga hljóðdeyfi USDR50

## 4.7 Uppsetningarleiðir


**UPPLÝSINGAR** System Bora Classic 2.0 býður upp á ýmsar uppsetningarleiðir. Ákvörðun um hvaða uppsetningarleið skal útfæra verður nauðsynlega að eiga sér stað áður en uppsetning fer fram.

- ▶ Áður en uppsetning fer fram skaltu vera viss um að rétta uppsetningarleiðin sé undirbúin.
- ▶ Ef þú hefur spurningar varðandi áætlaða uppsetningarleið skaltu snúa þér að eldhússkipuleggjanda þínum sem ber ábyrgð á verkinu.


### Yfirlit uppsetningarleið

**UPPLÝSINGAR** Eftirfarandi uppsetningarleiðir sem sjá má er hægt að útfæra hvort sem er til hægri sem og til vinstri.

Eftirfarandi leiðir á aðflæði lofts er hægt að útfæra með System Bora Classic 2.0:



Mynd 4.18 Aðflæði lofts að aftan (hægri eða vinstri)



Mynd 4.19 Aðflæði lofts beint við hlið (hægri eða vinstri)



## 4.8 Samsetning frásogskerfis.

**UPPLÝSINGAR** Gufugleypirinn CKA2 er afhentur í einstökum hlutum, sem verður að setja saman áður en eða meðan uppsetning fer fram.


**UPPLÝSINGAR** Einstaka hlutina verður að setja saman allt eftir uppsetningarleið þeirri sem valin hefur verið.

**UPPLÝSINGAR** Allir einstakir hlutar voru þannig byggðir að hægt er að setja þá saman vandræðalaust. Aðeins ef þeir snúa rétt er hægt að setja saman hlutina á réttan hátt og það áreynslulaust.

- ▶ Setjið saman á viðeigandi hátt einstaka hlutina fyrir áætlaða uppsetningarleið.
- ▶ Athugið þar að hlutirnir snúi rétt.
- ▶ Setjið hlutina saman án áreynslu.
- Ef einhver hlutur snýr vitlaust þá er ekki hægt að setja saman hlutina vandræðalaust (lausnin er að snúa eða venda hlutum).
- ▶ Tryggið að allar læsingar smelli rétt saman.

### 4.8.1 Samsetning gufugleypir CKA2

Samsetning gufugleypis CKA2 er hægt að útfæra á tvönnan hátt allt eftir áætluðu loftflæði:




Mynd 4.20 Samsettur gufugleypir CKA2

- [1] Gufugleypir CKA2 fyrir loftflæði til hægri
- [2] Gufugleypir CKA2 fyrir loftflæði til vinstri

**UPPLÝSINGAR** Lagnatengingin er til staðar við rétt uppsett milliop í báðum útfærslum alltaf að framan (snýr í átt að notanda).

**UPPLÝSINGAR** Til að prófa hvort milliopið sé rétt uppsett er einfaldast að fylgja örvamerkingum á opinu og grunneiningunni. Þær sömu verða að vísa á hvora aðra á viðeigandi hátt.

### Samsetning einstakra hluta



Mynd 4.21 Samsetning einstakra hluta á gufugleypinum CKA2

- [1] Grunneining frásog
